
Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar

Upplýsingaöryggisstefna 2.0

Upplýsingaöryggisstefna

Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar fylgir eftirfarandi Upplýsingaöryggisstefnu :

1. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga í vörslu stofnunarinnar m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar vinnur og meðhöndlar persónuupplýsingar í samræmi við persónuverndarstefnu Hafnarfjarðar.
3. Félagsþjónustan í Hafnarfirði fylgir lögum, reglum og leiðbeiningum fyrir stjórnun upplýsingaöryggis sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa.
3. Stefna Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn hennar og nær til allra sem veita henni þjónustu.
4. Allir starfsmenn og þjónustuaðilar Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
5. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila, skjólstæðinga og gesta.
6. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar stuðlar að því að öllum þáttum þessarar stefnu sé framfylgt með ráðstöfunum sem miðast við störf og ábyrgð viðkomandi einstaklinga.
7. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar framkvæmir reglulega áhættumat til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf.
8. Árlega er gerð skýrsla varðandi framkvæmd og virkni öryggisstefnu Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar.
10. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðarfæjar mun fylgja ÍST ISO/IEC 27001:2013 – Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi sem eru grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa
11. Starfsmönnum og þjónustuaðilum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar, skjólstæðinga hennar eða aðra starfsmenn.
12. Stefna stofnunarinnar í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í skjali um stjórnun upplýsingaöryggis Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar.
13. Fjölskyldubjónusta Hafnarfjarðar endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.

Hafnarfjörður 15. Maí 2018.

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar